



Lúxemborg, 7. maí 2025

FRÉTTATILKYNNING 05/2025

Dómur í máli E-9/23 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

FRÁVÍSUN SAMINGSBROTAMÁLS VARÐANDI LÆKNISMEÐFERÐ ERLENDIS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag vísaði EFTA-dómstóllinn frá máli sem Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) höfðaði á grunni 31. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („SED“) gegn Noregi.

Í stefnu sinni hélt ESA því fram að norsk löggjöf og stjórnsýsluframkvæmd varðandi læknismeðferð erlendis tryggði ekki rétt sjúklinga til aðgangs að læknismeðferð í öðrum EES-ríkjum þegar ekki er hægt að veita sömu eða jafn árangursríka meðferð í Noregi innan læknisfræðilega réttlætans tíma, eins og krafist er í 2. mgr. 20. gr. reglugerðar 883/2004 og/eða 36. gr. EES-samningsins.¹

EFTA-dómstóllinn taldi staðhæfingar ESA í stefnu sinni um meint brot ekki samsvara þeim staðhæfingum sem ESA hafði uppi á fyrri stigum samningsbrotamálsmeðferðarinnar, en samkvæmt 31. gr. SED verða fyrri stig samningsbrotamálsmeðferðarinnar að lúta að sömu meintu brotum og þegar mál er höfðað fyrir EFTA-dómstólnum. Þar sem EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ESA hefði breytt umfangi og eðli meintra brota í málinu sem höfðað var fyrir EFTA-dómstólnum samanborið við fyrri stig samningsbrotamálsmeðferðarinnar hafði málsmeðferðarkröfum 31. gr. SED ekki verið fylgt. Var málinu því vísað frá.

Dómurinn í heild sinni er aðgengilegur á vefsíðu EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-0923/.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa.